# Varasjóður
# Húsnæðismála
## Ársreikningur 2007

Varasjóður Húsnæðismála
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 710702-2410

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda .............................. 3

Áritun óháðs endurskoðanda ............................ 4

Rekstrarreikningur .......................................... 5

Efnahagsreikningur .......................................... 6

Yfirlit um sjóðstreymi ...................................... 7

Skýringar ......................................................... 8

# Skýrsla og áritun stjórnenda

Varasjóður Húsnæðismála er sjálfstæð rekstrareining en félags- og tryggingamálaráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins og setur honum reglur samkvæmt lögum. Félags- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna ráðgjafarnefnd Varasjóðs Húsnæðismála til fjögurra ára í senn, sem sér um rekstur sjóðsins.

Samkvæmt lögum nr. 44/1998 með síðari breytingum, skal sjóðurinn starfa í sjálfstæðum og aðskildum deildum vegna verkefna sem eru eftirfarandi: 1) að veita rekstrarframlög til sveitarfélaga vegna hallareksturs félagslegra leiguíbúða eða íbúða sem staðið hafa auðar í lengri tíma, 2) að veita framlög til sveitarfélaga sem er ætlað að greiða niður eldri veðlán Byggingasjóðs verkamanna vegna íbúða sem sveitarfélögin hafa innleyst og selt á almennum markaði með tapi, 3) að hafa umsýslu með varasjóði viðbótarlána sem er ætlað að bæta einstök tjón sem Íbúðalánasjóður verður fyrir, vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán og 4) að hafa umsýslu með Tryggingasjóði vegna byggingagalla.

Að auki skal Varasjóður Húsnæðismála veita ráðgjöf og leiðbeiningar þeim sveitarfélögum sem vilja breyta um rekstrarform félagslegra leiguíbúða eða hagræða í rekstri þeirra svo og að sjá um upplýsingavinnslu og úttekt á árangri af verkefnum sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga samkvæmt sérstöku rammasamkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga og framlög sveitarfélaga til Tryggingasjóðs vegna byggingargalla.

Tekjur sjóðsins námu 80,0 millj. kr. á árinu 2007. Gjöld umfram tekjur námu 218,2 millj. kr. Eigið fé varasjóðsins í árslok 2007 nemur 546,0 millj. kr.

Félags- og tryggingamálaráðherra, formaður ráðgjafanefndar Varasjóðs Húsnæðismála og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með áritun sinni.

Sauðárkróki 8. apríl 2008.

Félags- og tryggingamálaráðherra

Formaður ráðgjafanefndar Varasjóðs Húsnæðismála

Framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Varasjóðs Húsnæðismála.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Varasjóðs Húsnæðismála fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki 8. apríl 2008.

***KPMG hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | | | |
| Framlög sveitarfélaga | 3 | 20.000 | 20.000 |
| Framlag ríkisins | | 60.000 | 60.000 |
| | | 80.000 | 80.000 |
| **Gjöld:** | | | |
| Framlög vegna reksturs félagslegra íbúða | | 71.233 | 89.393 |
| Framlög vegna sölu félagslegra íbúða | | 274.918 | 405.799 |
| Önnur framlög | 4 | 13.602 | 11.414 |
| | | 359.753 | 506.606 |
| Hrein gjöld | | ( 279.753) | ( 426.606) |
| **Rekstrarkostnaður:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5,6 | 9.421 | 9.197 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 3.627 | 3.211 |
| | | 13.048 | 12.408 |
| Gjöld umfram tekjur | | ( 292.801) | ( 439.014) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 81.800 | 98.848 |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | | ( 7.166) | ( 6.155) |
| | | 74.634 | 92.693 |
| **Gjöld umfram tekjur** | 7 | ( 218.167) | ( 346.321) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

## Eignir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | |
| Handbært fé: | | | |
| Verðbréfaeign ..................... | 2 | 598.580 | 840.694 |
| Bankainnistæður ..................... | | 21.685 | 22.803 |
| | | 620.265 | 863.497 |
| **Eignir samtals** | | 620.265 | 863.497 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Varasjóður ..................... | 7 | 546.041 | 764.208 |
| **Skuldir:** | | | |
| Skuld við sveitarfélög ..................... | | 71.233 | 89.393 |
| Aðrar skammtímaskuldir ..................... | | 2.991 | 9.896 |
| | | 74.224 | 99.289 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 620.265 | 863.497 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Innborganir:** | | | |
| Innborguð framlög sveitarfélaga ........................................................ | | 20.000 | 20.000 |
| Innborgað framlag ríkisins .................................................................. | | 60.000 | 60.000 |
| Innborgað framlag úr Tryggingasjóði .................................................. | | 0 | 60.000 |
| Innborgaðar vaxtatekjur ...................................................................... | | 81.800 | 98.848 |
| Innborganir samtals | | 161.800 | 238.848 |
| **Útborganir:** | | | |
| Greitt til sveitarfélaga ......................................................................... | | 377.913 | 521.029 |
| Framlag Tryggingasjóðs til sölu- og rekstrarframlaga ........................... | | 0 | 60.000 |
| Útborgaður kostnaður og skammtímaskuldir ....................................... | | 27.119 | 14.754 |
| Útborganir samtals | | 405.032 | 595.783 |
| **Breyting á handbæru fé** .................................................................... | | ( 243.232) | ( 356.935) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** .................................................................. | | 863.497 | 1.220.432 |
| **Handbært fé í árslok** ........................................................................ | | 620.265 | 863.497 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### *Markaðsverðbréf*

2. Verðbréf í eigu sjóðsins eru skuldabréfasjóðir sem færðir eru á skráðu markaðsgengi í árslok.

## Sundurliðanir

3. Framlög sveitarfélaga sundurliðast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Vegna söluframlaga | 10.000 | 10.000 |
| Vegna rekstrarframlaga | 10.000 | 10.000 |
| | 20.000 | 20.000 |

4. Önnur framlög sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Tap vegna viðbótarlána | 7.311 | 11.414 |
| Framlög vegna úreldingar íbúða | 6.291 | 0 |
| | 13.602 | 11.414 |

## Starfsmannamál

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Laun | 2.386 | 2.357 |
| Launatengd gjöld | 367 | 336 |
| | 2.753 | 2.693 |
| Þátttaka í launakostnaði annarra | 6.668 | 6.504 |
| | 9.421 | 9.197 |

6. Á árinu var enginn starfsmaður hjá sjóðnum en öll þjónusta var keypt af Íbúðalánasjóði. Laun fimm manna ráðgjafarnefndar námu alls 2,4 millj. kr.

## Eigið fé

7. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Viðbótarlán | Framlög við sölu | Rekstrar-framlög | Tryggingar-sjóður v/byggingar-galla | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2007 ............. | 704.783 | ( 3.446) | 0 | 62.871 | 764.208 |
| Millifærsla .................... | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Rekstur ársins ............... | ( 266.817) | 43.583 | 0 | 5.067 | ( 218.167) |
| Staða 31.12.2007 .......... | 437.966 | 40.137 | 0 | 67.938 | 546.041 |

## Önnur mál

8. Samkvæmt lögum um varasjóðinn er sjóðnum heimilt að ráðstafa fyrirliggjandi fjármunum Tryggingasjóðs vegna byggingargalla til verkefna varasjóðs húsnæðismála samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í staðinn ábyrgist sjóðurinn samþykktar útgreiðslur vegna byggingargalla félagslegra íbúða til ársins 2013.

9. Með lögum sem samþykkt voru á Alþingi þann 2. desember 2004 getur rágjafarnefnd fært raunvexti vegna umsýslu með varasjóði viðbótarlána til annarra verkefna sjóðsins. Í árslok 2007 námu raunvextir um 36,3 millj. kr. sem heimilt er að ráðstafa í önnur verkefni.

10. Með lögum sem samþykkt voru á Alþingi þann 9. desember 2005 var heimilað að nýta 280 millj. kr. á ári, árin 2005-2007, af eigin fé varasjóðs vegna viðbótarlána til ráðstöfunar í rekstrar- sölu- og úreldingarframlög. Á árinu 2007 voru 1,2 millj. kr. af þessari heimild ráðstafað í rekstrarframlög en 278,8 millj. kr. í söluframlög.

# Sundurliðanir

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| **Annar rekstrarkostnaður:** | | |
| Hlutdeild í skrifstofukostnaði | 2.593.128 | 2.424.600 |
| Sérfræðiþjónusta | 370.481 | 352.166 |
| Ferðakostnaður | 308.236 | 186.942 |
| Fundir og námskeið | 152.612 | 22.220 |
| Akstur | 101.751 | 115.669 |
| Dagpeningar | 34.500 | 52.800 |
| Tölvuvinnsla | 32.682 | 31.324 |
| Prentun og burðargjöld | 25.900 | 24.900 |
| Skrifstofukostnaður | 6.999 | 0 |
| Dráttarvextir | | 1.070 |
| | 3.626.289 | 3.211.691 |